

Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, BjörgvS).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 2.16 Að selja fasteignirnar Nátthaga 5, 7 og 9, Hólum í Hjaltadal.
 - 2.17 Að selja fasteignirnar Prestssæti 3 og 5, Hólum í Hjaltadal.
 - 2.18 Að selja útihús á jörðinni Þormóðsdal.
 - 2.19 Að selja bæjarhúsin á Selá í Dalvíkurbyggð á leigulóð.
 - 2.20 Að selja bæjarhúsin á Hólsseli í Norðurþingi á leigulóð.
 - 2.21 Að ganga til samninga við kaþólsku kirkjuna á Íslandi um endurkaup á hluta eigna St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 4.11 Að selja Mosfellsbæ jörðina Þormóðsdal, sbr. 35. gr. jarðalaga, nr. 81/2004.
 - 4.12 Að selja jörðina Ytri-Lynga II, Skaftárhreppi.
 - 4.13 Að selja ábúandanum á Reykhólum landspildur í grennd við jörðina.
3. Við 6. gr. Nýr liður:
 - 6.17 Að kaupa jörðina Eystri-Ása, Skaftárhreppi, af Þjóðkirkjunni.
4. Við 6. gr. Í stað ártalsins „2012“ í lið 7.1 og lið 7.2 komi: 2011.
5. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 7.15 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 1.000 m.kr. að fenginni úttekt iðnaðarráðuneytisins á framtíðarfyrirkomulagi lánastarfsemi stofnunarinnar.
 - 7.16 Að semja við sveitarfélög um greiðslur og vaxtakjör vegna fjármagnstekjuskatts sem álagður er á árinu 2010 vegna tekjuársins 2009.
 - 7.17 Að veita Nýjum Landspítala ohf. skammtímalán vegna undirbúnings hönnunar nýs Landspítala við Hringbraut.